

**65** frá 11. febr. 1848 til að fá «kommunitet» og «regenz», samkvæmt orðum hinnar nefndu ákvörðunar er bundinn við það skilyrði, að stúdentarnir komi til háskólans undir eins og þeir hafi lokið burtfararprófi skólans, og að «kommunitets» og «regenz»-ölmusum þeim, er losna 1. septembermán., er úthlutað í ofanverðum septembermánuði, þannig, að þeir stúdentar, er vilja vera vissir um, að tekið verði tillit til beiðni þeirra um að fá ölmusu frá 1. sept., verði að vera komnir á háskólann og hafa látið innskrifa sig þar innan 15. septbr., og ber þeim þegar að tilkynna það prófastinum á «regenz»-gardi.

**66** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um skurð á rekahvali m. m. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 27. f. mán. ritað mjer sem fylgir:

«Í þóknanlegu brjefi frá 17. febr. þ. á. hefir herra landshöfðinginn skýrt frá, að í janúarmánuði f. á. hafi rekið hval á jörð, er liggur undir Barðastranda og Álptafjarðarumboð, og á umboðið að eins  $\frac{2}{3}$  rekans á henni en 3 kirkjur  $\frac{1}{3}$ , og að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu Stefán Bjarnarson, er einnig er umboðsmaður nefnds umboðs, hafi eigi látið samkvæmt rekabálki Jónsbókar og gamalli rjettarvenju skurðarmenn og þá, er hjeldu vörð á fjörunni, fá hlut af hvalnum þar á staðnum, en þar á móti gjört þá ákvörðun, að hvalinn, að svo miklu leyti hann tilfjelli umboðssjóðnum, skyldi selja á uppboði, og að skurðarmenn skyldu fá vinnu sína endurgoldna samkvæmt nánari reikningi, en af því hafi leitt, þar sem hluti umboðssjóðsins á uppboðinu að eins hafi verið seldur fyrir 134 kr. 66 aur. en útgjöldin hafi numið 255 kr. 97 aur., að komið hafi fram reikningshalli að upphæð 121 kr. 31 eyr. Herra landshöfðinginn hefir um þetta látið það álit í ljósi, að halli þessi hvað sem öðru líði, geti eigi fallið á umboðssjóðinn, og að kostnaðurinn við skurð m. m. á hinum umrædda hval því yrði ekki greiddur hlutadeigöndum samkvæmt reikningum þeirra nema að svo miklu leyti uppboðsandvirðið brykki til, og spyrjið þjer jafnframt, hvort ekki sje ástæða til, þar sem að uppboðsandvirðið verði að skoðast sem hið sanna andvirði hvalsins, að láta skurðarmenn að eins fá helming uppboðsandvirðisins, eins og þeir hefðu fengið helming hvalsins, ef honum hefði verið skipt á fjörunni, en láta hinn helminginn renna í umboðssjóðinn. Samkvæmt þessu hafið þjer lagt málið undir úrskurð ráðgjafans.

Fyrir þessa sök skal þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að í þessu máli liggur fyrir samningur, sem sýslumaður Stefán Bjarnarson hefir gjört fyrir hönd umboðsins við hlutadeigandi skurðarmenn um að breyta útaf ákvörðun laganna um borgun þessara manna, getur ráðgjafinn ekki sjeð, að þeim verði neitað um að fá borgað úr umboðssjóðnum það, sem þeir kynnu að eiga fyrir skurð m. m. samkvæmt reikningum sínum, að svo miklu leyti sem þeir (reikningarnir) verði ekki settir niður með úrskurði amtsins, þrátt fyrir það, að hjer með yrði farið fram yfir uppboðsandvirðið, en að ráðgjafanum að öðruleyti geti ekki annað en mislíkað, hvernig Stefán sýslumaður Bjarnarson hefir farið með þetta mál, og þar við orsakað tjón fyrir landsjóðinn».

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Fylgiskjöl brjefs yðar frá 13. janúar þ. á. endursendast.

**67**

### Ferðaáætlun

hins konunglega póstgufuskips milli Kaupmannabafnar, Færeyja og Íslands 1876.  
Frá Kaupmannahöfn til Íslands.

Skipið fer frá Kaupmannahöfn.	Það leggur í fyrsta lagi á stað frá									A að koma til Reykjavíkur
	Granton.	Þórshöfn. á Færeyj.	Seyðisfirði.	Raufarhöfn.	Akureyri.	Skagaströnd.	Ísafirði.	Stykkishólmi.		
11. júní.	15. júní	18. júní	21. júní	23. júní	25. júní	26. júní	28. júní	29. júní	30. júní.	
11. ágúst.	15. ágúst	18. ágúst	21. ágúst	23. ágúst	25. ágúst	26. ágúst	28. ágúst	29. ágúst	30. ágúst	

## Frá Íslandi til Kaupmannahafnar.

67

Skipið fer frá Reykjavík.	Það leggur í fyrsta lagi á stað frá								Á að koma til Kaupmannahafnar.
	Stykkishólmi.	Ísafirði.	Skagaströnd.	Akureyri.	Raufarhöfn.	Seyðisfirði.	Þórshöfn. á Færeyj.	Granton.	
11. júlí.	12. júlí	14. júlí	15. júlí	17. júlí	18. júlí	20. júlí	22. júlí	25. júlí	30. júlí
10. septbr.	11. septbr.	13. septbr.	. . .	16. septbr.	. . .	19. septbr.	21. septbr.	24. septbr.	29. septbr.

Fardagar skipsins frá Kaupmannahöfn og frá Reykjavík eru fast ákveðnir. Fyrir millistöðvarnar eru til teknir dagar þeir, er skipið í fyrsta lagi má halda áfram ferð sinni frá þeim; en ferðamenn verða að vera undir það búnir, að skipið leggi síðar á stað frá þessum stöðvum. Viðstaðan á millistöðvunum verður sem stytzt, við Skagaströnd og á Raufarhöfn þó minnst 3 klukkustundir, við Stykkishólmi í 6 stundir, á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði 12 stundir.

Farargjaldið er:	Í 1. lyptingu. kr.	Í 2. lyptingu. kr.	Á þilfarinu. kr.	Fram og aptur í sömu ferð. kr.
milli Íslands og Kaupmannahafnar . . . . .	90	72	—	160
— Reykjavíkur og Stykkishólms . . . . .	9	6	4	—
— — — Ísafjarðar . . . . .	18	12	8	—
— — — Akureyrar eður Skagastrandar . . . . .	27	18	12	—
— — — Seyðisfjarðar eða Raufarhafnar . . . . .	36	24	16	—
— — — Færeyja . . . . .	54	36	—	90
— — — Grantons . . . . .	72	54	—	117
— Stykkishólms og Ísafjarðar . . . . .	9	6	4	—
— — — Akureyrar eður Skagastrandar . . . . .	18	12	8	—
— — — Raufarhafnar . . . . .	27	18	12	—
— — — Seyðisfjarðar . . . . .	36	24	16	—
— Ísafjarðar og Akureyrar eður Skagastrandar . . . . .	9	6	4	—
— — — Raufarhafnar . . . . .	18	12	8	—
— — — Seyðisfjarðar . . . . .	27	18	12	—
— Skagastrandar og Akureyrar . . . . .	9	6	4	—
— — — Raufarhafnar . . . . .	18	12	8	—
— — — Seyðisfjarðar . . . . .	27	18	12	—
— Akureyrar og Raufarhafnar . . . . .	9	6	4	—
— — — Seyðisfjarðar . . . . .	18	12	8	—
— Raufarhafnar og Seyðisfjarðar . . . . .	9	6	4	—
— Granton og annara Íslenzkrá hafna en Reykjavíkur . . . . .	63	50	—	99
— Færeyja og Seyðisfjarðar . . . . .	24	18	—	36

Milli Færeyja og annara Íslenzkrá hafna en Seyðisfjarðar og Reykjavíkur greiðist sama gjald og milli Færeyja og Seyðisfjarðar, að viðbættum farareyrinum frá Seyðisfirði eða þangað, þó ekki meira en gjaldið milli Færeyja og Reykjavíkur, eða 54 kr. og s. frv.

1. Ef tekið er við mönnum eða þeim skotið á land einhverstaðar á ströndum Íslands milli hinna tilgreindu farstöðva, reiknist farargjaldið eins og þeir hefðu gengið á skipið á stöðvum þeim, er það kom síðast frá, eða farið af því á þeirri höfn, er það á að koma við á næst á eptir.

2. Fyrir börn yngri en 2 ára greiðist ekkert farargjald. Fyrir börn milli 2 og 12 ára greiðist hálf farargjald.

3. Hver fullorðinn farþegi má hafa með sjer ókeypis svo mikinn flutning, að nemi 100 pundum, en börn 50 pund. Hafi farþegi meira flutning meðferðis, ber honum að greiða 10 aura fyrir hver 10 pund, sem um fram eru, milli hafna á Íslandi, en 66 aura, ef ferðinni er lengra heitið.

Fyrir fæði (án vins og ölfanga) greiðast í 1. lyptingu, meðan ferðin varir, 4 kr. 66 aurar um sólarhring fyrir hvern mann fullorðinn, en 2 kr. 66 aurar um sólarhring fyrir barn, í annari lyptingu 2 kr. fyrir hvern fullorðinn, 1 kr. 33 aurar fyrir barn.